



RNSA

8. mars 2018

Rannsóknarnefnd samgönguslysa

Húsi FBSR Flugvallarvegi 7  
101 Reykjavík

Reykjavík, 2.3.2018

**Efni: Skýrsla Rannsóknarnefndar samgönguslysa í máli nr. 049 / 15 – Herkúles SH**

Vísað er til skýrslu Rannsóknarnefndar samgönguslysa nr. 049 / 15 þar sem Herkúles SH 147 sökk á Breiðafirði þann 19. maí 2015.

Meðal þess sem kom fram við rannsóknina var að um borð hefði verið Regatta björgunarbúningur. Fram hafi komið hjá skipstjóranum að hann hafi farið í hann en ekki komist í hanskana því þeir voru of þróngir. Hann hefði því þurft að fara úr honum aftur til að halda áfram að lensa.

Nefndin telur ekki unnt að álykta um orsök atviksins á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga en beinir því til Samgöngustofu að gera úttekt á björgunarbúningum úr neopren efni með áfestum fingravettlingum þar sem ítrekað hafi komið upp vandamál við að komast í þá.

Samgöngustofa sinnir markaðseftirliti með skipsbúnaði sem fellur undir tilskipun ESB 2014/90 með síðari breytingum eins og hún er innleidd með reglugerð nr. 989/2016 um skipsbúnað. Samgöngustofa mun skoða sérstaklega Regatta björgunarbúninga úr neopren efni við eftirlit með tilliti til tilmæla Rannsóknarnefndarinnar.

Virðingafyllst

Jón Bernóðusson  
fagstjóri rannsóknar, þróunar og greiningar

Magnús D. Baldursson  
lögfræðingur